

Alþingi
Erindi nr. P 135/2040
komudagur 7.4.2008

Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

3. apríl 2008

Varðandi breytingar á lögum um fæðingar og foreldraorlof.

Ég vil byrja með að lýsa ánægju minni með að það sé verið að endurskoða fæðingarorlofslögin. Hinsvegar eru ennþá stórir gallar á þeim sem ég tel að ætti að laga.

Lögin eru óskýr varðandi rétt foreldra sem er nýbyrjaðir eða eru á leiðinni á vinnumarkaðinn. Ástæða þess að ég sendi ykkur erindi er sú að ég hef sjálfur lent í veseni vegna þess. Ég hóf störf hjá Umhverfisstofnun 19. febrúar 2007 strax eftir nám og sonur minn fæddist 20. febrúar 2007. Umhverfisstofnun taldi að höfðu samráði við starfsmannaskrifstofu ríkisins að ég ætti ekki rétt á fæðingarorlofi. Ég kærði til úrskurðarnefndar fæðingar og foreldraorlofsmála (kæra nr.54/2007) og vann. Ég taldi lögin vera skýr og það þótti lögfræðingi BHM líka. Vandmálið var að hann taldi að það væri skýrt að ég ætti ekki rétt á fæðingarorlofi þannig að þó að úrskurður nefndarinnar er skýr þá eru lögin það ekki.


Þegar ég var búinn að fá á hreint að ég ætti rétt á fæðingarorlofi þá þurfti ég að kæra Fæðingarorlofssjóð (kæra nr.12/2008) vegna þess að Fæðingarorlofssjóður vill meina að ég á ekki rétt á að haga mínu fæðingarorlofi skv. 10. gr. ffl. Sú kæra er ennþá vinnslu hjá úrskurðarnefnd fæðingar og foreldraorlofsmála en verður vonandi leitt til lykta á næstunni enda ættu öll gögn að liggja fyrir hjá nefndinni núna. En kæran snýst um hvort foreldra sem eiga rétt á foreldraorlofi og fæðingarstyrk geti skipt upp fæðingarorlofi, eða tekið það samhliða minnkuðu starfshlutfalli, enda ætti það að vera í samræmi við markmið laganna að samræma fjölskyldu og atvinnulíf foreldra.

Ef ég tapa síðari málinu þá er það brýnt að laga það óréttlæti sem sá úrskurður mun hafa í för með sér. Hvort sem sú lagfæring þarf að vera á lögnum eða reglugerðina veit ég ekki. Mér finnst óréttlát að mismuna foreldri á grundvelli þess hvort það á rétt á fæðingastyrk eða greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði varðandi tilhögun fæðingarorlofs.

Ég velti því hinsvegar fyrir mér hvað hefði gerst ef sonur minn hefði fæðst tveimur dögum fyrr. Hefði ég átt rétt á fæðingarorlofi? Í 2. mgr. 8. gr. ffl. stendur að réttur til fæðingarorlofs stofnast við fæðingu barns. Ég spyr hvort að sá réttur stofnist einungis ef maður er á vinnumarkaði og gildir þá nýja greinin 13 a. Sú grein fjallar t.d. ekkert um þá sem eru búnir að ráða sig í vinnu en eru ekki búnir að hefja störf. Ef maður er ekki á vinnumarkaði en er búinn að ráð sig í vinnu en á ekki rétt á fæðingarorlofi þá er þá er vert að velta fyrir sér ímynduðu dæmi.

Þunguð kona sem er í námi og ætlar að vera í námi þangað til hún hefur störf. Einum degi áður hún á að hefja störf þá fæðir hún barn. Ef hún þarf að vera á vinnumarkaði til þess að eiga rétt á fæðingarorlofi þá er hún upp á náð og miskunn vinnuveitanda að fá leyfi frá störfum og hún er ekki vernduð gegn uppsögnum skv. ffl. á þeim tíma. Jafnvel á hún ekki rétt á fæðingarstyrk ef vinnuveitandi neitar henni um leyfi frá störfum ef marka má rökstuðning Fæðingarorlofssjóðs í kæru minni á hendur sjóðnum (kæra 12/2008). Ég veit ekki hvort einhver önnur lög veita þessari ímynduðu móður einhverjar vernd gegn því að þurfa að mæta í vinnuna daginn eftir fæðingu en mér finnst að fæðingar og foreldraorlofslögin ættu að veita henni skýran rétt til fæðingarorlofs.

Virðingarfyllt



Gísli Jónsson
kt. 300574-3359